



# STARFSMANNAFÉLAG REYKJAVÍKURBORGAR

GRETTISGÖTU 89 • 105 REYKJAVÍK • SÍMI 525 8330 • FAX 525 8339 • TÖLVUPÓSTUR: strv@bsrb.is • VEFFANG: strv.bsrb.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 130/835*  
*komudagur 23.1.2004*

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10, 150 Reykjavík

Stjórn Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 307. mál.

Stjórnin lýsir sig algjörlega ósammála frumvarpinu og krefst þess að frumvarpið verði dregið til baka. Það er í hæsta máta óeðlilegt að Alþingi geri einhlíða jafn alvarlegar breytingar á þeim lögum sem kjara- og ráðningarsamningar starfsmanna ríkisins byggja á. Reglur um áminningu og andmælarétt í 21. grein gildandi laga fela í sér grundvallaratriði um starfsöryggi starfsmanna ríkisins og hafa gilt um langan tíma. Afnáam þessa lagaákvæðis þýðir að andmælaréttur starfsmanna er felldur niður, lágmarksréttindi starfsmanna samkvæmt stjórnarsýslulögum eru afnumin og þeir settir undir geðþóttavald forstöðumanna.

Það skýtur skökku við, að ríkið skuli setja þá lagaskyldu á herðar sveitarfélaga að semja við stéttarfélög um réttindi og skyldur sinna starfsmanna en taka sér sjálft það vald að ákveða slíkt án alls samráðs. Minnt er á, að undir stjórn núverandi fjármálaráðherra Geirs H. Haarde var árið 1995 eftirfarandi ákvæði bætt við stjórnarskrána: **“Í lögum skal kveða á um rétt manna til að semja um starfskjör sín og önnur réttindi tengd vinnu”**.

Stjórn St.Rv. ítrekar andmæli sín við þessum fyrirætlunum.

Að öðru leyti vísast til sameiginlegrar umsagnar BSRB, BHM og KÍ um frumvarp þetta.

Virðingarfyllst

f.hönd stjórnar St.Rv.

  
Sjöfn Ingólfssdóttir formaður